

Tillaga til þingsályktunar

um dvalar- eða hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Flm.: Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga sem kveði á um eftirfarandi:

1. Ríki og sveitarfélögum verði skylt að útvega öldruðum, sem hafa gengist undir færni- og heilsumat, dvalar- eða hjúkrunarrými eigi síðar en 80 dögum eftir að niðurstöður mats um að viðkomandi eigi rétt á slíku úrræði liggja fyrir.
2. Færni- og heilsumat skuli gefið út eigi síðar en 10 dögum eftir að umsókn um það berst.
3. Öldruðum einstaklingum, sem dvalist hafa lengur en 10 daga á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar, verði útvegað dvalar- eða hjúkrunarrými.
4. Maki eða sambúðarmaki heimilismanns á stofnun fyrir aldraða skuli, án tillits til þess hvort hann hafi gengist undir færni- og heilsumat, eiga þess kost að dvelja á stofnun ásamt heimilismanni að því gefnu að hann taki þátt í dvalarkostnaði. Ef heimilismaður fellur frá skuli maki eða sambúðarmaki hans eiga þess kost að dvelja áfram á viðkomandi stofnun í allt að átta vikur frá dánardægri heimilismanns. Á þeim tíma skuli meta hvort forsendur eru fyrir áframhaldandi dvöl á stofnuninni. Dvalarréttur þar falli niður nema niðurstaða færni- og heilsumats skv. 15. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, verði sú að forsendur séu fyrir áframhaldandi búsetu. Viðkomandi öðlist þá sjálfstæðan rétt sem heimilismaður á stofnun fyrir aldraða.

Greinargerð.

Fjöldi þeirra sem bíða eftir hjúkrunarrýmum jókst um 60% á landsvísu frá því í janúar 2014 þar til í janúar 2018. Á sama tíma fjölgaði þeim sem bíða þurftu lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými um 35%. Frá árinu 2014 til 2018 lengdist meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými úr 91 degi í 116 daga. Af þeim 186 einstaklingum sem fengu úthlutað hjúkrunarrými á þriðja ársfjórðungi ársins 2014 biðu 57 lengur en 90 daga. Á þriðja ársfjórðungi árið 2018 biðu 77 einstaklingar af 175 lengur en 90 daga eftir því að fá hjúkrunarrými. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að leggja fram frumvarp til laga sem tryggji að ferlið frá því að sótt er um færni- og heilsumat þar til fengin er búseta í dvalar- eða hjúkrunarrými verði ekki lengra en 90 dagar. Einnig er lagt til að heimilismaður sem dvelur til langframa á stofnun fyrir aldraða eigi kost á því að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sinn og að aldraðir fái rétt til búsetu í dvalar- eða hjúkrunarrými eftir að hafa dvalist lengur en 10 daga á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar.

Vestfirðir hafa hæsta hlutfallið af íbúum á biðlista, en það hefur hækkað úr 10,5 einstaklingum í 16,2 af hverjum 1.000 íbúum sem eru eldri en 67 ára. Á Norðurlandi er næsthæsta hlutfallið af íbúum á biðlista og hefur það aukist um tæplega helming síðan 2014 og er nú 14,1 einstaklingur af hverjum 1.000 íbúum sem eru eldri en 67 ára. Á Austurlandi hefur einstaklingur á biðlista fækkað mikið síðan 2014. Samt er landshlutinn í þriðja sæti á lands-

vísu því að þar eru um 12,7 einstaklingar af hverjum 1.000 íbúum sem eru eldri en 67 ára á biðlista eftir rými. Sú tala var 20,2 árið 2014. Á höfuðborgarsvæðinu hefur einstaklingum á biðlista eftir hjúkrunarrými fjölgað frá árinu 2014 og eru þeir nú 8,9 af hverjum 1.000 íbúum eldri en 67 ára miðað við 4,9 árið 2014. Á Suðurnesjum eru svipaðar tölur og á höfuðborgarsvæðinu þó að mikið hafi dregið úr lengd biðlista þar árið 2017 við opnun nýs hjúkrunarheimilis, en nú eru biðlistar þar farnir að lengjast aftur. Á Vesturlandi voru hvað fæstir á biðlista árið 2014, eða 4,9 af hverjum 1.000 íbúum eldri en 67 ára. Biðlistar þar eru þeir næststystu á landinu eða 6,5 einstaklingar af 1.000 íbúum eldri en 67 ára. Best er ástandið á Suðurlandi, 3,1 af 1.000 íbúum, en var 5,9 árið 2014.

Fjöldi þeirra sem létust á biðlista eftir hjúkrunarrými áður en til úthlutunar kom var 114 árið 2014, 141 árið 2015, 178 árið 2016 og 183 árið 2017. Árið 2017 voru almenn hjúkrunarrými á hjúkrunar- og dvalarheimilum landsins 2.526 en dvalarrými 281. Árið 2007 voru hjúkrunarrými tæplega 2.700 en dvalarrými ríflega 700. Fækkaði því hjúkrunarrýmum um rúmlega 6% en dvalarrýmum um nálega 60% milli áranna 2007 og 2017.

Sveitarfélögin sjá um húsnæði fyrir hjúkrunar- og dagvistunarúrræði aldraðra en ríkið úthlutar fjármagni með hverjum og einum þeirra. Með þessu eru sveitarfélögin háð úthlutunum hjúkrunar- og dvalarrýma frá ríkinu og þannig strandar málið á því að sveitarfélög fá oft ekki, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, fjármagn til úthlutunar hjúkrunar- og dagvistunarrýma.

Eldri borgarar sem dvelja á stofnun fyrir aldraða eru oft þvingaðir til sambúðarslita þar sem þeir eiga ekki kost á að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sinn. Það er mannréttindamál að tryggja að íbúar sem eiga heima á öldrunarstofnunum geti verið áfram samvistum við maka sinn. Markmið tillögunnar er að gera fólki mögulegt að búa áfram með maka sínum sem hefur af heilsufarsástæðum þurft að flytjast á heimili sem krefst færni- og heilsumats til búsetu. Því yrði ekki lengur áskilið að heilbrigður eða heilbrigðari maki byggji annars staðar en hinn veikari. Þannig yrði komið í veg fyrir þvinguð sambúðarslit.